



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 29. mars 2019

R19010363

1252

Borgarráð

Reykjavík CrossFit Championship 2019

Lagt er til að borgarráð samþykki að styrkja Reykjavík CrossFit Championship, fyrstu alþjóðlegu CrossFit keppnina á Íslandi, sem haldin verður í Laugardalshöllinni dagana 3.- 5. maí 2019. Búist er við að um 2200 aðilar sækji viðburðinn auk þess að bein útsending verður frá viðburðinum um allan heim. Lagt er til að styrkur Reykjavíkurborgar vegna viðburðarins verði 9.000.000 kr., fært af kostnaðarstaðnum ófyrirséð - 09205, til að mæta kostnaði við leigu á Laugardalshöll og skal styrkurinn greiðast beint til Íþróttá- og sýningarhallarinnar.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:


Styrkbeiðni Reykjavík CrossFit Championship, dags. 23. janúar 2019.

Umsögn sviðsstjóra íþróttá- og tómstundasviðs, dags. 18. mars 2019, ásamt umsögn forstöðumanns

Höfuðborgarstofu.

Umsögn fjármálaskrifstofu, dags. 25. mars 2019.

Jafnréttisskimun, dags. 26. mars 2019.



REYKJAVÍK CROSSFIT CHAMPIONSHIP

Málsnr: *R19010363*
Skjalasafn Ráðhúss

28. jan. 2019

Bréfalykill: *1252*

Reykjavík, 23. janúar 2019

Til Borgarráðs,

Fyrir hönd Reykjavík CrossFit Championship rita ég þetta bréf til Borgarráðs.

Reykjavík CrossFit Championship er fyrsta alþjóðlega CrossFit keppnin sem haldin verður á Íslandi. Keppnin mun fara fram í Laugardalshöll dagana 3-5 maí 2019.

Sigurvegarar keppninnar tryggja sér þáttökurétt á Heimsleikunum (The CrossFit Games) sem er úrslitakeppni þeirra allra bestu.

Þessi keppni er partur af nýju keppnisfyrirkomulagi CrossFit íþróttarinnar. Það er gífurlegur heiður fyrir íslenskt CrossFit-samfélag að fá viðburð sem þennan til landsins.

Allar CrossFit-stöðvar landsins, 18 að tölu, koma á einn eða annan hátt að framkvæmd þessarar keppni.

Búist er við að það verði um 2000 erlendir ferðamenn sem geri sér sérstaklega ferð til Íslands til að vera viðstaddir keppnina. Þeim til viðbótar má gera ráð fyrir um 250 manns sem eru keppendur, þjálfarar og starfsfólk höfuðstöðva CrossFit. Samtals 2250 manns munu sækja okkur heim víðsvegar að úr heiminum.

Hér eru léttir útreikningar á hagrænum áhrifum þessarar keppni:

2.250	2	40.000	90.000.000
1.000	5	100.000	100.000.000
2.250	15	26.250	59.062.500
300	5	40.000	12.000.000
300	1	10.000	3.000.000
2.250	1	12.500	28.125.000
			292.187.500

Þessar tölur gera ráð fyrir því að meðallengd ferðalagsins sé 5 dagar og helstu viðmiðunartölur eru í lægri kantinum. Verðmæti þess að fá þessa ferðamenn til landsins eru gróft áætlað um 300.000.000kr.

Einsog útlistað er í hjálagðri kynningu mun þessi viðburður verða haldinn hérlandis árlega næstu 3 ár hið minnsta. Ef vel tekst til mun sá samningur verða framlengdur um 5 ár.


Okkur er mjög í mun að halda viðburðinn í Reykjavík þó önnur fjölnotahús á höfuðborgarsvæðinu hefðu hentað mun betur en Laugardalshöll. Gífurlegur kostnaður fer í að breyta Laugardalshöll úr frjálspróttahöll í CrossFit keppnissvæði með plássi fyrir 5000 áhorfendur.

Til að ná að festa viðburðinn í sessi er nauðsynlegt að endar náist saman í verkefninu.

Niðurfelling húsaleigu á Laugardalshöll fer langt með að tryggja núllpunkt í verkefninu.

Við biðjum því Borgarráð að samþykkja að húsaleiga fyrir Laugardalshöll verði felld niður fyrir þennan viðburð.

Með von um jákvæð viðbrögð,



Hjörtur Grétarsson
Kt. 220765-4829
hjortur@reykjavikcrossfitchampionship.is
gsm: 663 3340

Nánar um stærð, framkvæmd og hagræn áhrif keppinnar vísa ég í kynningu sem fylgir (RCC_Reykjavikurborg.pdf).



Reykjavíkurborg
Íþróttá- og tómstundasvið

Reykjavík, 18. mars 2019
2019010038
3.4.0

Skrifstofa borgarstjórnar

Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK


Reykjavík CrossFit Championship styrkbeiðni - tilv. R19010363

Málsnr.: R19010363
Skjalasafn Ráðhúss
18. mars 2019
Bréfalykill: 1252

Borgarráði hefur borist erindi frá Reykjavík CrossFit Championship (RCC) dags. 23. janúar 2019 með ósk um að húsaleiga í Laugardalshöll og frjálsíþróttahöllinni í Laugardalshöll vegna fyrstu alþjóðlegu CrossFit keppni á Íslandi verði felld niður. Keppnin mun fara fram í Laugardalshöll 3.-5. maí 2019. Erindinu var vísað til umsagnar ÍTR. Samkvæmt upplýsingum RCC má gera ráð fyrir um 2.200 þátttakendum og erlendum ferðamönnum til landsins til að vera viðstaddir keppnina. RCC leggur mikla áherslu á að viðburðurinn verði í Reykjavík og að komið verði upp áhorfendaaðstöðu í frjálsíþróttahöllinni fyrir 5.000 áhorfendur.

Gert er ráð fyrir að bein útsending verði frá viðburðinum um allan heim.

Lagt er til að RCC verði veittur styrkur að upphæð 9.0 mkr. til að mæta kostnaði við leigu á Laugardalshöll og að styrkurinn renni beint til Íþróttá- og sýningarhallarinnar.


Omar Einarsson.

Hjálagt:

Umsögn Karenar Maríu Jónsdóttur forstöðumans Höfuðborgarstofu
Erindi Reykjavík CrossFit
Kynning á viðburðinum.



Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 13. mars 2019

Málsnúmer R19010363

Umsögn um styrk vegna:

Reykjavík CrossFit Championship 2019

Hjörtur Grétarson hefur fyrir hönd aðstandenda Reykjavík CrossFit Championship leitað til Reykjavíkurborgar eftir samstarfi um keppnina, sem haldin verður í Laugardalshöll dagana 3.-5. maí 2019. Beðið er um að húsaleiga fyrir Laugardalshöll verði felld niður auk þess sem stuðningur verði veittur við viðburðahald í miðborginni tengt keppninni s.s. vegna notkunar og lokunar á borgarlandi.

Reykjavík CrossFit Championship er fyrsta alþjóðlega CrossFit keppnin sem haldin er á Íslandi. Hún er ein af 16 forkeppnum sem haldin er víðsvegar um heiminn og tryggir sigurvegurinum þátttökurétt á Heimsleikunum (The CrossFit Games). Samningur hefur verið gerður um að undankeppnin verði haldin hér árlega næstu 3 árin og ef vel tekst til verður sá samningur framlengdur um 5 ár.

CrossFit er ein af fáum íþróttum þar sem algjört jafnræði er á milli kynjanna og byggir hún þannig undir jákvæðar staðalímyndir. Iðkendur eru 50/50 af báðum kynjum og eru þrautir byggðar upp á sambærilegan hátt milli iðkendahópa. Þá er verðlaunafé kynjanna jafn hátt. Íslendingar hafa lent alls þrettán sinnum á verðlaunapalli á Heimsleikunum. Þá varð Annie Mist Þórisdóttir heimsmeistari í CrossFit árin 2011 og 2012 og Katrín Tanja Davíðsdóttir árin 2015 og 2016.

Keppnin hefur að sögn aðstandenda möguleika á að verða stórviðburður sem dregur að þúsundir ferðamanna til Reykjavíkur en gengið er út frá því að fjöldi áhorfenda í Laugardalshöll verði 4-5000 talsins fyrsta árið og þar af 2000 erlendis frá. Uppselt er ávallt á stórar CrossFit keppnir og horfa milljónir manna á þær til viðbótar í beinni útsendingu um allan heim. Vinsældir íslensku keppendanna verður nýttur til hins ítrasta í markaðsstarfi og aðgengi þeirra að fylgjendum nýttur en saman hafa Annie og Katrín 12,5 milljónir fylgjenda á Facebook og Instagram. Innan CrossFit heimsins eru þær skilgreindar sem súperstjörnur.

Reykjavíkurborg hefur um árábil styrkt stóra og smá viðburði í markaðslegum tilgangi sem talið er að byggji með ótvíræðum hætti undir alþjóðleg tengsl, hafi jákvæða þýðingu fyrir ímynd Reykjavíkur alþjóðavettvangi, ferðaþjónustu og þar með jákvæð efnahagsleg áhrif fyrir borgina. Markaðslegur grundvöllur Reykjavík CrossFit Championship er sterkur og til þess fallinn að setja borgina með jákvæðum hætti í kastljósið á erlendum vettvangi undir formerkjum jafnréttis. Keppnin er kennd við Reykjavík, útsendingar hennar ná út fyrir landssteinana og meðal keppenda hennar eru íslenskar stórstjörnur sem hafa mikinn og alþjóðlegan sýnileika á samfélagsmiðlum.

Það er mat undirritaðrar að það séu verðugt að styrkja verkefnið. Til þess að festa viðburðinn í sessi, þannig að markaðslegur ávinningur hans fyrir borgina verði hámarkaður, er mikilvægt að Reykjavíkurborg leggi honum lið með því að fella niður húsaleigu á Laugardalshöll og kostnað vegna notkunar á borgarlandi fyrir hliðarviðburði. Með þeirri aðgerð megi treysta rekstrarlegan grundvöll viðburðarins meðan verið er að byggja hann upp.

Virðingarfyllst,

Karen María Jónsdóttir

forstöðumaður Höfuðborgarstofu



25. mars 2019

Bréfalykill: 1252

R19010363

25. mars 2019

Umsögn

Efni: Reykjavík CrossFit Championship (RCC) styrkbeiðni

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Fjármálastjóri

Borgarráði hefur borist erindi frá Reykjavík Crossfit Championship (RCC) dags 23. janúar 2019 með ósk um að húsaleiga í Laugardalshöll og frjálsíþróttahöllinni í Laugardalshöll vegna fyrstu alþjóðlegu CrossFit keppni á Íslandi verði felld niður. Erindinu hefur verið vísað til umsagnar ÍTR sem leggur til að RCC verði veittur styrkur að fjárhæð 9,0 m.kr. til að mæta kostnaði við leigu á Laugardalshöll og að styrkurinn renni beint til Íþróttá- og sýningarhallarinnar.

Umsögn:

Um er að ræða einskíptis kostnað á árinu 2019 sem ekki fer í ramma ÍTR. Um tiltölulega lága fjárhæð er að ræða og er fjármagn til á liðnum ófyrirséð til þess að mæta kostnaði. Fjármálaskrifstofa leggur ekki mat á verðmæti þess að fá keppnina til landsins en fordæmi eru fyrir styrkveitingum vegna alþjóðlegra íþróttaviðburða og má til dæmis nefna evrópumót í hópímleikum árið 2014, smáþjóðaleika árið 2015 og evrópumót landsliða í skák árið 2015.

Fjármálaskrifstofa sér ekkert því til fyrirstöðu að veita styrkinn en bendir á mikilvægi þess að fjárhagsákvörðun eins og þessi fari í jafnréttisskimun í samræmi við reglur.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri

Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags.:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimmunar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	26.3.2019
Svið:	Íþrótt- og tómstundasvið
Unnið af:	Reykjavík CrossFit Champonship
Verkefni/tillaga:	Halda alþjóðlega cross fit keppni á Íslandi í Laugardalshöll
Þjónustubáttur:	Húsaleigu- og æfingastyrkir
Stofnun/kostn.st.:	I9320
Fjárhæð:	9.000.000 kr.
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Alþjóðleg CrossFit keppni á Íslandi. Keppnin mun fara fram í Laugardalshöll 3.-5. maí 2019. Samkvæmt upplýsingum RCC má gera ráð fyrir um 2.200 þátttakendum og erlendum ferðamönnum til landsins til að vera viðstaddir keppnina. RCC leggur mikla áherslu á að viðburðurinn verði í Reykjavík og að komið verði upp áhorfendaaðstöðu í frjálsíþróttahöllinni fyrir 5.000 áhorfendur. Gert er ráð fyrir að bein útsending verði frá viðburðinum um allan heim.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Já, Í crossfit er algjört jafnræði á milli kynja. Þrautir eru eins uppbyggðar fyrir bæði kyn. Vinsældir deilast jafnt og iðkendur eru 50% karlar og 50% konur. Verðlaunafé í keppnum er jafn hátt fyrir bæði kyn.
Hvaða hópa snertir tillagan?
Crossfit iðkendur á Íslandi og erlendis. Einnig áhuga fólki um íþróttina sem fylgjast með keppninni.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Ekki er líklegt að tillagan mun hafa áhrif á stöðu kynja þar sem jafn kynjahlutfall er í keppnum í crossfit. Þó má nefna að íslenskar konur hafa orðið heimsmeistarar í íþróttinni.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Nei

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.

